



Fundargerð

27. fundar stjórnar FRÍ á starfstímabilinu 2014-2016, haldinn
þriðjudaginn 18. Desember 2015 kl. 20:00 í sal E, á 3. hæð í Íþróttamiðstöð ÍSÍ

Mætt: Einar Vilhjálmsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Jón H Steingrímsson, Stefán Skafti Steinólfsson Árne Þorsteinsson, framkvæmdastjóri.

Aðrir stjórnarmenn boðuðu forföll.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Boðun fundar og fundargerðir: Boðun fundar samþykkt. Fundargerð 25 og 26 samþykktar.
2. Fjármál. Framkvæmdastjóri Árne Þ skýrir frá stöðu reikninga frí og fjárstreymi. Gjaldkeri skýrir frá heildarstöðu sambandsins og ýmsum útistandandi skuldum og kröfum. Stjórnarmenn fagna bættri stöðu sambandsins. Yfirdráttur hefur lækkað umtalsvert á árinu 2015. Til máls tóku EV, SSS, FRÞ, JHS, ÁÞ.
3. RIG - undirbúningur og staða mála : Stjórn hefur stofnað nefnd og hefur hún fundað einu sinni. (fylla út nöfn) Leitað hefur verið eftir sterkum íþróttamönnum er geta att við stórmótahóp FRÍ í keppni. Stjórn ákveður að fela framkvæmdastjóra að leggja fram kostnaðaráætlun fyrir Rig fyrir næsta fund stjórnar.
4. Árangursviðmið og þátttaka á mótum erlendis - m.a. Farið yfir árangursviðmið og keppnisferðir fyrir árið 2016. Stjórn samþykkir framlögð árangursviðmið og fyrirkomulag vegna keppnisferða 2016.
5. Meistaramót AASSE : EV skýrir frá skipulagi mótsins og samþykktum frá fundi AASSE frá í haust. Beðið er afgreiðslu afrekssjóðs ÍSÍ.
6. NM innanhúss : Sjá lið nr 4.
7. NM U20 undirbúningur og keppnisstaður : Plan A: Beðið er staðfestingar frá KSÍ með aðstöðu á laugardalsvelli .Plan B: mótið verði í Kaplakrika í Hafnarfirði. Verður staðfest á næsta fundi.
8. Frjálsíþróttakona- og karl ársins 2015 : Stjórn samþykkir eftir lýðræðislega atkvæðagreiðslu að frjálsíþróttakarlar FRÍ 2015 er Þórarinn Ingi og frjálsíþróttakona FRÍ 2015 er Ásdís Hjalmsdóttir
9. Alþjóðanefnd FRÍ – nefndarskipan : Farið yfir starfssvið og hlutverk nefndarinnar. Stjórn felur framkvæmdastjóra að taka saman minnisblað um alþjóðanefnd og starfslýsingu hennar og senda á stjórn.
10. ÍÞA – nefndarskipan : Formaður greinir frá áhuga fyrir setu í nefndinni og framkv.stjóra falið að móta endurnýjaða nefnd í kjölfar starfsloka þriggja nefndarmanna í lok keppnistímabilsins.
11. Fræðslunefnd – nefndarskipan : Formaður greindi frá því að Kári Jónsson hafi boðist til að gegna embætti formanns í í fræðslu- og útbreiðslunefnd. Stjórn fagnar því og býður hann velkominn til starfa. Formanni nefndarinnar og framkvæmdastjóra falið að móta nefndina frekar.
12. Uppskeruhátíð 2015. Unnið er að undirbúningi uppskeruhátíðar. Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að auglýsa hana hjá sambandsaðilum.
13. 60. þing FRÍ - tímasetning, dagsetning og uppstillinganefnd : Frestað til næsta fundar

Til máls tóku EV, SSS, FRÞ, JHS, ÁÞ - Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 22:01.